



INNKAUPASTEFTA MATVÆLA FYRIR RÍKISADILA



STARFSHÓPINN SKIPA:

Brynja Laxdal, skipaður formaður af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Björgvin Valdimarsson, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Halldóra Hjörleifsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hólmfríður Þorgeirsdóttir frá Embætti landlæknis, tilnefnd af þáverandi velferðarráðuneyti.

Kjartan Dige Baldursson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Drög að innkaupastefnu

Lögð fyrir í Samráðsgátt í mars 2019.

VIÐAUKAR

Spurningakannanir starfshóps (viðauki A)

Lagðar voru fyrir tvær spurningakannanir. Fyrri könnunin var með almennar upplýsingar sem send var 176 ríkisaðilum og svöruðu 145 (82,4%). Sú athugun leiddi í ljós að 39 þeirra reka eigið mótuneyti og fengust upplýsingar um 31 tengilið þeirra. Af þeim svöruðu 28 (90,3%) seinni könnun sem var mjög ítarleg og laut m.a. að innkaupum og matarsóun.

Vinnustofa (viðauki B)

Á vinnustofu 28. nóvember 2018 mætti 61. Þar komu saman fulltrúar Ríkiskaupa, frumframleiðenda, matreiðslumanna og innkaupastjóra mótuneyta, birgja/bjóðenda sveitarfélaga, hagsmunasamtaka, neytenda og aðrir sérfræðingar. Allir höfðu fengið afrit af niðurstöðum spurningakannana til að undirbúa sig fyrir vinnustofuna. Eftir vinnustofuna fengu allir afrit af niðurstöðum hópanna.

Dæmi frá öðrum löndum (viðauki C)



OKKUR AÐ GÓÐU

EFNISYFIRLIT

Hugtök	4
Formáli.....	6
Inngangur.....	8
Framtíðarsýn.....	9
Meginmarkmið.....	10
Samantekt.....	12
Tillögur að vinnustofum og samráðshópum.....	13
Meginmarkmið 1.....	14
Efla áherslu á sjálfbærni og vistvæn skilyrði í innkaupum og umsýslu á matvælum	
Meginmarkmið 2.....	26
Máltíðir í mótuneytum ríkisaðila uppfylli lýðheilsu- og neytendur hafi aðgang að upplýsingum um hollustu og uppruna	
Meginmarkmið 3.....	34
Lögð sé áhersla á vistvæn skilyrði, lýðheilsu og samvinnu hagaðila í innkaupaferlum matvæla	

HUGTÖK

HIÐ OPINBERA

Starfsemi og verkefni sem teljast til A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga. Opinber aðili er aðili með ríkis- eða sveitastjórnarvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta eigu ríkis eða sveitarfélaga.¹

KOLEFNISSPOR

Kolefnisspor og kolefnisfótspor eru notuð jafnhliða. Hér er stuðst við þá skilgreiningu að kolefnisspor sé mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá tiltekinni einingu eða starfsemi, gefin upp í koldíoxíðgildum. Á vefnum loftslag.is segir „að kolefni sé notað sem einhverskonar samnefni fyrir þær gróðurhúsalofttegundir sem valda hnattrænni hlýnun“.

LÍFRÆN RÆKTUN

Lífræn ræktun eða lífrænn búskapur er sérstakt form landbúnaðar sem leggur ríka áherslu á umhverfisvernd og dýravelferð. Þó að afurðirnar virðist eins getur margt í ferlinu við ræktun/framleiðslu verið mjög ólíkt. Um lífræna framleiðslu gilda bæði lög um lífræna framleiðslu, nr. 162/1994 og reglugerð nr. 477/2017. Til að mega kalla afurðir sínar lífrænt ræktaðar og merkja þær með merki lífrænnar vottunar verður bóndi/framleiðandi að hafa vottun frá faggildri vottunarstofu.²

MATARSÓUN

Sóun á matvælum sem hæf eru til mannelis. Matarsóun á sér stað í allri virðisæðju matvæla, þ.e. í framleiðsluferlinu, við vinnslu og flutning sem og á sölu- og neyslustigi. Matarsóun hefur í för með óþarfa neikvæð áhrif á umhverfi og loftslag.³

NEYTENDUR

Í þessari stefnu er hugtakið neytendur notað yfir þá sem neyta matar hjá ríkisaðilum eins og starfsfólk, nemendur, sjúklingar, aldraðir o.s.frv.

RAMMASAMNINGUR

Rammasamningur Ríkiskaupa eða kaupanda/kaupenda við einn eða fleiri þjóðendur/birgja þar sem magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint en kaupendur, einn eða fleiri, skuldbinda sig til að kaupa af þeim þá vöru, þjónustu eða verk sem samningurinn kveður á um, m.a. hvað varðar gæði, tækni, þjónustu, afhendingartíma og verð á samningstímanum.⁴ Til eru aðrar tegundir rammamanna skv. 40. gr. laga um opinber innkaup en í umfjöllun þessari verður miðað við framangreinda hugtakaskýringu.

RÍKISAÐILAR

Aðilar sem fara með ríkisvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál. Ríkisaðilar skiptast í A-, B- og C-hluta. Flokkunin ræðst eftir fjármögnun og eignaraðild.⁵

SJÁLFBÆRNI

Sjálfbær þróun er skilgreind svo að þörfum samtímans sé fullnægt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Í því felst vernd umhverfis, notkun hreinna orkugjafa, aukin atvinnutækifæri, áhersla á menningarleg gildi og hefðir, friður, öryggi og efnahagsleglegur vöxtur.⁶

1. <https://www.althingi.is/alttext/stjt/2015.125.html>

2. <http://www.mast.is/matvaeili/almennar-upplýsingar/lifraent/>

3. Munnleg heimild - Margrét Bragadóttir. Umhverfisstofnun.

4. <https://www.ríkiskaup.is/rammasamningar/hagnytt-efni/nr/784>

5. Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

6. World Commission on Environment and Development (1987). Our Common Future. Oxford: Oxford University.

SJÁLFBÆRIR FRAMLEIÐSLUHÆTTIR OG ÁBYRG NEYSLA

Sjálfbærni í matvælaframleiðslu er skilgreint þannig að framleiðsla og neysla matvæla stuðli að heilbrigði jarðarbúa og þess umhverfis sem við lifum í, nú og til framtíðar.⁷ Í skilningi 2. og 12. yfirmarkmiða heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna⁸ og sjálfbærrar matvælastefnu norrænu ráðherranefndarinnar⁹ er einkum átt við að neytt sé matar sem framleiddur er við sjálfbær skilyrði, að dregið verði úr matarsóun í allri virðiskeðju matvæla, að stuðlað verði að bættri nýtingu matvæla, dregið verði úr kolefnisspori, t.d. með aukinni neyslu svæðisbundinna matvara, og neytendur upplýstir um lífsmáta í sátt við heilbrigði og náttúru, sem hefur áhrif á bætt neysluhegðun.

UMHVERFISSKILYRÐI

Kröfur eða viðmið um umhverfisþætti sem sett eru fram í útboðsgögnum miðað við eiginleika þeirrar vöru eða þjónustu sem boðin er út. Umhverfisskilyrði eru annaðhvort sett fram sem lágmarksskilyrði eða matsviðmið.¹⁰

VISTFERILL

Vistferill er skilgreindur í lögum nr. 120/2016, um opinber innkaup, sem: „Öll samfelld eða samtengd stig í tilveru vöru, þjónustu eða verkframkvæmdar frá öflun hráefnis eða framleiðslu á aðföngum fram að förgun, rýmingu eða lokum þjónustu eða notkunar. Þar með teljast rannsóknir og þróun, framleiðsla, viðskipti og skilmálar þeirra, flutningur, notkun og viðhald.“ Við útreikning á vistferilskostnaði skal samkvæmt lögunum taka tillit til kostnaðar sem kaupandi eða aðrir notendur bera, s.s. við öflun, notkun, viðhald og úrvinnslu og vegna umhverfisáhrifa á meðan á vistferli vöru, þjónustu eða verks stendur, að því tilskyldu að hægt sé að ákvarða og sannreyna verðgildi þeirra. Slíkur kostnaður getur falið í sér kostnað við losun gróðurhúsalofttegunda og aðra losun mengandi efna og annan kostnað við það að draga úr loftslagsbreytingum.

VISTVÆN INNKAUP

Vistvæn innkaup fela í sér að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri vistferilskostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.¹¹ Umhverfisskilyrði sem ná til matvöru og veitingaþjónustu er að finna á vefsíðunni vinn.is.

VISTVÆN SKILYRÐI

Í þessari skýrslu er hugtakið vistvæn skilyrði notað sem yfirhugtak skilyrða sem taka tillit til matvælavottana, umhverfisskilyrða, gæðakrafna og annarra þátta sem skaða ekki umhverfi eða heilsu manna.

ÖRÚTBOÐ

Í 35. tölul. 2. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, er örútbod skilgreint á þann veg að það sé innkaupaferli þar sem kaupandi leiti, með hæfilegum fyrirvara, skriflegra tilboða meðal rammisamningshafa sem efnt geti samning á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem komi fram í útboðsskilmálum rammisamningsins.¹²

7. Skilgreining John Turenne <http://sustainablefoodsystems.com/what-we-do-2/what-is-sustainable-food/>

8. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, stöðuskýrsla júní 2018.

9. Solutions Menu, A Nordic guide to sustainable food policy, Nordic Council of Ministers 2018.

10. https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/skjal/vistvaen_innkaup_og_graenn_rikisrekstur.pdf

11. <http://vinn.is/>

12. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

FORMÁLI

Þann 20. febrúar 2018 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson starfshóp til að móta innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla.

Við nánari skoðun var innkaupastefnan miðuð við ríkisaðila þar sem sveitarfélög eru sjálfstætt stjórnvald. Stefnan nýtist hinsvegar sveitarfélögum við mótun eigin innkaupastefnu.

Hlutverk hópsins var að móta stefnu um opinber innkaup til að tryggja neytendum ríkisaðila matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluhátta og umhverfisáhrifa. Stefnan skal m.a. taka mið af því að opinber innkaup matvæla stuðli að minnkun kolefnisspors við framleiðslu og flutning. Starfshópnum er falið að móta tillögur að hvötum sem styðja innkaupastefnu sem byggist á framangreindum viðmiðum. Tillögur hópsins þurfa enn fremur að tryggja að neytendur hafi aðgang að upplýsingum um uppruna matvæla og að stefnan uppfylli lýðheilsuþátt um næringu. Starfshópurinn tók til starfa 17. maí 2018 um leið og öllum tilnefningum var lokið og er ætlað að skila stefnunni í apríl 2019.

Við gerð innkaupastefnunnar er höfð til hliðsjónar stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur,¹³ samkeppnislög, innkaupastefna ríkisins¹⁴ og lög nr. 120/2016, um opinber innkaup. Í 80. gr. þeirra laga er lögð meiri áhersla á vistvæn innkaup en í eldri lögum. Birtist það fyrst og fremst í því að verð er ekki lengur meginforsenda við innkaup heldur er mögulegt að horfa í auknum mæli til gæða, hollustu, umhverfisverndar, félagslegra markmiða og nýsköpunar. Um leið er áhersla lögð á vistferilkostnað þess sem keypt er. Í 79. gr. sömu laga er kveðið á um að kaupandi skuli velja fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið á grundvelli lægsta verðs, minnsta kostnaðar eða besta hlutfalls milli verðs og gæða.



Upplýsingar um innkaup ríkisaðila á matvælum voru greindar út frá fjárhagsbókhalda ríkisins, en upplýsingar um veltutölur rammasamninga komu frá Ríkiskaupum og spurningakönnunum.

Ljóst er að þær upplýsingar sem liggja fyrir í upplýsingakerfum ríkisins eru ekki gerðar til ítarlegra innkaupgreininga og því ófullkomnar þó að þær gefi ákveðna mynd af stöðunni eins og hún er.

Upplýsingum frá hagaðilum var aflað með viðtölum, fundum, spurningakönnunum og vinnustofu. Starfshópurinn vann spurningakönnun (viðauki A) út frá viðtölum og fékk Maskínu til að leggja hana fyrir alla ríkisaðila í október 2018. Voru þær niðurstöður hafðar til hliðsjónar í vinnustofu með hagaðilum 28. nóvember 2018, sem Arnar Pálsson hjá Capacent stýrði. Mikið var lagt upp úr því að ná réttu hlutfalli hagaðila en alls mætti 61. Á fundinn mættu fulltrúar frá frumframleiðendum, matreiðslumeisturum, innkaupastjórum, birgjum/bjóðendum, Ríkiskaupum, sveitarfélögum, Bændasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Landsambandi smábátæiganda, Neytendasamtökunum, Matís, Matvælastofnun, Embætti landlæknis, Umhverfisstofnun og aðrir sérfræðingar. Gestir höfðu orð á því að þetta væri í fyrsta sinn sem þessir hagaðilar hittust til að vinna saman.

Starfshópurinn fékk einnig Elínu Guðnadóttur til ráðgjafar við gerð innkaupastefnunnar. Elín er með M.Sc.-gráðu í matvælastefnumótun frá City University í London og starfar sem sérfræðingur á þessu sviði.

Við gerð þessarar stefnu þurfti aðkomu margra hagaðila og fann hópurinn fyrir miklum áhuga og er þakklátur öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn.





INNGANGUR

Innkaupastefnan endurspeglar áhuga stjórnvalda á því að auka áherslu á sjálfbærni og því að sporna gegn neikvæðum umhverfis- og loftslagsáhrifum af matvælaframleiðslu og umsýslu matar. Áherslan á hollar máltíðir er góð fjárfesting til framtíðar þar sem hollt mataræði vinnur gegn tilteknum ósmittbærum sjúkdómum en meðferð við þeim er stór hluti útgjalda til heilbrigðismála. Innkaupastefnan tekur enn fremur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (8.4, 12.1 og 12.7)¹⁵ og ráðleggingum norrænu ráðherranefndarinnar 2018 um sjálfbærni í matvælastefnu (e. Nordic guide to sustainable food policy).¹⁶

Það er skiljanlegt að stjórnvöld kalli eftir hagkvæmum innkaupum og matvæli eru þar ekki undanskilin. Matvæli varða heilbrigði neytenda og líftími þeirra er almennt styttri en annarra vara. Fjármála- og efnahagsráðuneytið stendur að tilraunaverkefni, í samstarfi við nokkrar stofnanir, um notkun rafræns innkaupa- og beiðnakerfis í Oracle-kerfi ríkisins. Ef vel tekst til mun kerfið auðvelda greiningu á innkaupum ríkisins.

Ríkið kaupir matvæli fyrir um 3 milljarða króna á ári og ljóst er að stórkaupandi eins og ríkið getur haft víðtæk áhrif á eftirspurn matvæla og eflingu nýsköpunar. Það er vilji stjórnvalda að ganga á undan með góðu fordæmi og stuðla að því að innkaupastefna ríkisaðila á matvælum byggist á raunhæfum úrbótum í samvinnu við hagaðila.

Lög um opinber innkaup taka að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum 31. maí 2019 og frelsi til innkaupa settar fastari skorður. Reynsla ríkisins við innleiðingu þessarar stefnu mun því nýtast sveitarfélögum.

Allar ríkisstofnanir eru aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa en sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum er valfrjáls aðild. Innkaupastefnan snertir þau sveitarfélög sem eru aðilar að rammasamningum ríkisins og er þeim ætlað að vera fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög. Sveitarfélög á Íslandi fara eftir lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016 og sníða innkaupareglur sínar eftir þeim. Þau eru með mismunandi áherslur í sínum rekstri og hafa innkaupastefnur þeirra miðast við þær. Sum leggja t.d. áherslu á að versla í nærsamfélaginu og við marga birgja en önnur njóta á hinn bóginn þess hagræðis sem fylgir því að versla eingöngu við einn birgi. Alls eru 23 sveitarfélög hérlendis þátttakendur í heilsuefandi samfélögum og er hollt mataræði þar mikilvægur þáttur. Erlendis hafa mörg sveitarfélög byggt upp árangursríkt samstarf við framleiðendur í nærsamfélagi, eins og lesa má um í viðauka C.

Margir ríkisaðilar kjósa frekar að bjóða út mötuneytisþjónustu en að reka eigið eldhús samkvæmt spurningakönnun starfshópsins. Samkvæmt svörum ríkisaðila við spurningakönnun starfshópsins er hagræðing algengasta ástæða þess að mötuneytisþjónusta hefur verið boðin út og gildir það jafnt um stóra sem litla vinnustaði.



Lögð er áhersla á að innkaupastefnan verði leiðbeinandi fyrir áframhaldandi vinnu og innleiðingu þar sem samráð verði haft við hagaðila allt frá framleiðendum til opinberra kaupenda, með aðkomu ráðuneyta eins og fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Það er ekki óeðlilegt að innleiðing innkaupastefnu nái yfir margra ára tímabil og sé í sífelldri mótun vegna ytri aðstæðna, tæknivæðingar og markaðsumhverfis. Þá verður matvælastefna fyrir Ísland tilbúin í lok árs 2019 og eðlilegt að innkaupastefna og matvælastefna rími saman. Til að innkaupastefnan nái fram að ganga þurfa stjórnvöld að leggja til fé í þróunarvinnu, innleiðingu aðgerða, fræðslu og eftirfylgni svo að tryggja megi samfellu og árangur.

FRAMTÍÐARSÝN

Með innleiðingu þessarar innkaupastefnu leggja stjórnvöld aukna áherslu á umhverfisvernd, hollt og sjálfbært mataræði og rekjanlegar upplýsingar um matvæli. Stefnunni er ætlað að stuðla að aukinni samkeppnishæfni slíkrar matvælaframleiðslu í opinberum innkaupum og auknu samráði hagaðila í því augnamiði að efla framþróun í samræmi við fyrrgreindar áherslur.

MEGINMARKMIÐ

Hlutverk starfshópsins samkvæmt skipunarbréfinu er að móta innkaupastefnu matvæla:

„Tryggja neytendum matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluhátta og umhverfisáhrifa. Stefnan skal taka m.a. mið af því að opinber innkaup matvæla stuðli að minnkun kolefnisspors við framleiðslu og flutning. Starfshópnum er falið að móta tillögur að hvötum sem styðja við innkaupastefnu sem byggir á framangreindum viðmiðum. Tillögur hópsins þurfa enn fremur að tryggja að neytendur hafi aðgang að upplýsingum um uppruna matvæla og að stefnan uppfylli lýðheilsuáhrifum um næringu.“

Úr þessum tilmælum voru unnin þrjú meginmarkmið ásamt leiðum til úrbóta. Undir hverju meginmarkmiði eru undirmarkmið og aðgerðir. Áhersla er lögð á þætti sem skerpa á vistvænum skilyrðum og gæðakröfum og hafa áhrif á innkaup matvæla. Dregin eru fram ólík sjónarhorn þar sem innkaupastefnan byggist á aðkomu hagaðila sem hafa ekki endilega sömu hagsmuna að gæta. Stuðst er við viðtöl og fundi, niðurstöður spurningakannana starfshópsins og vinnustofu sem starfshópurinn stóð fyrir. Enn fremur er stuðst við útgefið innlent efni og horft er til annarra landa þar sem við á.

Í þessari stefnu er hugtakið vistvæn skilyrði notað sem yfirhugtak skilyrða sem taka tillit til matvælavottana, umhverfisskilyrða, gæðakrafna og annarra þátta sem skaða ekki umhverfi eða heilsu manna.

Innkaupastefna matvæla skal stuðla að því að innkaupaferlar breytist til að ná meginmarkmiðum 1 og 2.

01

EFLA ÁHERSLU Á SJÁLFBÆRNI OG VISTVÆN SKILYRÐI Í INNKAUPUM OG UMSÝSLU Á MATVÆLUM

Tryggja að mótuneyti bjóði matvæli sem uppfylla vistvæn skilyrði og kröfur í tengslum við framleiðsluhætti og flutninga.

- Endurskoða, útbúa, gefa út og innleiða vistvæn skilyrði og kröfur í innkaupum matvæla sem stuðla að umhverfisvernd og styðja sjálfbæra þróun.
- Gegnsætt og árangursríkt samráð sé milli ríkiskaupa og fulltrúa samstarfsaðila með árlegum fundum.

Tryggja matreiðslumönnum mótuneyta aðgengi að umbúðalausum matvælum eða pökkuðum samkvæmt umhverfisskilyrðum.

- Draga úr notkun matvælaumbúða og pakkninga án þess að matvælaöryggi sé stefnt í hættu.

Draga úr loftslagsáhrifum vegna matarsóunar í mótuneytum.

- Mótuneyti í rekstri ríkisaðila og aðkeypt mótuneytisþjónusta séu með aðgerðir til að sporna gegn matarsóun. Ríkisaðilar, sem fylgja Grænum skrefum í ríkisrekstri og reka eigið mótuneyti, setji verklagsreglur um matarsóun.
- Hrinda í framkvæmd aðlögunarferli mótuneyta sem lýtur að því að uppfylla skilyrði vottaðra mótuneyta.



02

MÁLTÍÐIR Í MÖTUNEYTUM RÍKISAÐILA UPPFYLLI LÝÐHEILSUMARKMIÐ OG NEYTENDUR HAFI AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM UM HOLLUSTU OG UPPRUNA

Tryggja að mötuneyti bjóði holl matvæli í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði.

- Framreiddur matur í mötuneytum ríkisaðila sé í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði.
- Tryggja að ÍSGEM sé uppfærður svo að næringarupplýsingar séu réttar.
- Skoða kostnað og ávinning þess að mötuneyti ríkisaðila hafi aðgang að reikniforriti til næringarútreikninga.
- Innkaupastjórar velji hollari valkost við innkaup matvara.

Einfalda miðlun upplýsinga um uppruna, gæði og umhverfisáhrif til þeirra sem borða í mötuneytum hjá ríkisaðilum.

- Hanna opinbert reiknilíkan fyrir kolefnisspor matvæla.
- Krafa gerð um að upplýsingar um uppruna, næringargildi, kolefnisspor og ofnæmisvalda séu á matseðlum.
- Skoða kostnað og ávinning þess að koma á opinberu rekjanleikakerfi í innkaupum matvara.

03

LÖGÐ SÉ ÁHERSLA Á VISTVÆN SKILYRÐI, LÝÐHEILSU OG SAMVINNU HAGAÐILA Í INNKAUPAFERLUM MATVÆLA

Hagræði innkaupa verði skoðað út frá vistvænum skilyrðum, lýðheilsu og samkeppnissjónarmiðum.

- Setja á fót samráðshóp um endurskoðun innkaupaferla sem taki mið af hagræði og hvötum út frá vistvænum skilyrðum, lýðheilsu, hæfiskröfum og þjónustunánd.

Góðir starfshættir séu viðurkenndir og verðlaunaðir.

- Efla eftirfylgni góðra starfshátta við innkaup matvæla svo þeir verði ávallt viðhafðir í viðskiptum við ríkisaðila.

SAMANTEKT

Innleiðing innkaupastefnu matvæla krefst tíma, fjármagns og samráðs.

Sú stefna að hækkandi hlutfall matvæla uppfylli vistvæn skilyrði í opinberum innkaupum verður aðeins innleidd yfir margra ára tímabil með sífelldu samráði við fulltrúa hagaðila. Markmiðið er að framleiðendur, birgjar/bjóðendur og innkaupastjórar matvæla hafi tíma til að aðlagast eftirspurn og kröfum sem settar eru fram í þessari innkaupastefnu.

- Efla samráð allt frá framleiðanda til kaupanda, styrkja fræðsluhlutverk stjórnvalda ásamt því að efla eftirfylgni og viðurkenningu góðra starfshátta.
- Yfirfara og endurmeta vistvæn skilyrði og kröfur í rammasamningi og aðkeyptri mötuneytisþjónustu að teknu tilliti til hagræðingar og umhverfissjónarmiða.
- Leggja áherslu á hollt mataræði og notkun reikniforrits til næringarútreikninga. Auka þarf þekkingu á opinberum ráðleggingum Embættis landlæknis.
- Auka rekjanleika upplýsinga um matvæli svo auðveldara sé að miðla þeim áfram til neytenda mötuneyta.
- Endurskoða innkaupaferli með tilliti til vistvænna skilyrða, þjónustunáandar og gæðakrafna.
- Endurskoða hæfiskröfur sem gerðar eru til birgja og framleiðenda og auðvelda aðkomu fyrirtækja óháð stærð, sem stuðlar að samkeppni og ýtir undir nýsköpun og vöruþróun.
- Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í umsýslu matvæla með því að draga markvisst úr matarsóun með skýrum verklagsreglum og draga úr umbúðanotkun án þess að matvælaöryggi sé stefnt í hættu. Hið opinbera þarf að sýna gott fordæmi og ýta undir að þau mötuneyti sem skipt er við vinni samkvæmt skilyrðum umhverfisvottaðra eldhúsa.
- Lagt er til að mælitæki, tækni og gagnagrunnar, sem tryggja áreiðanlegar upplýsingar um rekjanleika og næringargildi matvæla, verði aðgengilegir eða uppfærðir og viðhaldið og að fjármagn verði sett í innleiðingu og eftirfylgni þessarar stefnu með aukinni þjónustu og stuðningi.

TILLÖGUR AÐ VINNUSTOFUM OG SAMRÁÐSHÓPUM

- A) Árleg vinnustofa Ríkiskaupa og Umhverfisstofnunar samkvæmt undirmarkmiði 1.1.B. Niðurstöður árlegra kannana kynntar, fræðsla um rammisamning, örútbod o.s.frv. Fara yfir vistvæn skilyrði, gæðakröfur, hæfiskröfur, matarsóun, umbúðanotkun og önnur mál sem hæfa hverjum tíma.
- B) Fræðsludagur Embættis landlæknis og Matvælastofnunar í samstarfi við Ríkiskaup á tveggja ára fresti samkvæmt aðgerð 2.1.A.
- C) Samráðshópur um endurskilgreiningu vistvænna skilyrða og krafna samkvæmt aðgerð 1.1.A.
- D) Samráðshópur um endurskoðun innkaupaferla sem taki mið af hagræði og hvötum út frá vistvænum skilyrðum, hæfiskröfum og þjónustunánd samkvæmt aðgerð 3.2.A.

MEGINMARKMIÐ I

EFLA ÁHERSLU Á SJÁLFBÆRNI OG VISTVÆN SKILYRÐI Í INNKAUPUM OG UMSÝSLU Á MATVÆLUM

Ríkiskaup fyrir hönd opinberra kaupenda setja fram ýmis félagsleg skilyrði ásamt skilyrðum er tengjast umhverfisvernd í rammasamningum ríkisins í samræmi við áherslur stjórnvalda og lög um opinber innkaup. Í rammasamningum um matvöru er stuðst við umhverfisskilyrði matvöru- og veislubjónustu¹⁷ og fela í sér bæði grunnviðmið og ítarviðmið sem kaupendur geta sett fram sem kröfur til matvöru í útboðslýsingum.

Viðmiðin í vistvænum innkaupum, eins og þau eru í dag, eru sett fram til að sporna gegn neikvæðum áhrifum matvælaframleiðslu, flutninga og umbúða. Ríkiskaup benda á að viðmiðin í opinberum innkaupum á matvælum og veitingaþjónustu eru þýdd en þarfnast endurskoðunar. Stuðst hefur verið við umhverfismerkin norræna Svaninn¹⁸ og Evrópublómíð¹⁹ en þau ná til mótuneytisþjónustu og óætra neysluvara. Þegar lítið er til ætra neysluvara eru viðmið um lífrænt vottaðar vörur og sjálfbærnivottun sjávarafurða og fiskeldis. Endurskoðun viðmiða þarf að skoða í samhengi við áherslur og þróun hvers tíma og ef til vill staðfæra einhver þeirra. Til er nýleg samantekt yfir vottanir og matvælamerki²⁰ og í þessum kafla verður farið yfir ýmis vistvæn skilyrði sem hafa má til hliðsjónar.

Í framtíðarsýn vinnuhóps um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur var eitt af markmiðunum að hlutfall vistvænna útboða yrði 50% árið 2016. Þá er átt við útboð með umhverfisskilyrðum eða útboð sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka vistferilskostnað vöru allan líftíma hennar. Ekki hefur verið haldið utan um upplýsingar um hlutfall matvara sem uppfylla nú um

stundir vistvæn skilyrði í rammasamningi og því engar viðmiðunartölur tiltækar. Engin eftirfylgni er með því að birgjar, sem segjast uppfylla umhverfisviðmið rammasamninga, framfylgi þeim í raun. Ríkiskaup hafa til þessa ekki fengið ábendingar um vanefndir. Það kemur ekki fram á reikningum eða í viðskiptaskjölum hvort seld matvara uppfyllir vistvæn skilyrði, en leiðir sem auka gegnsæi þessara upplýsinga þarf að innleiða.

Vinna þarf betur með skilyrði vistvænna innkaupa og gæðakröfur. Samkeppnislög heimila að setja í samning að óskað sé eftir íslenskum matvörum. Ástæður verða að vera málefnalegar eins og um sé að ræða hreinni afurð, minna vistferilsspor, minna kolefnisspor, gæðavottanir, þjónustunánd o.s.frv.

Ekki má skylda þjónustuaðila til að hafa íslenska birgja í forgangi og ekki má setja það skilyrði að matvæli séu íslensk.

Ákvæði má fastsetja í rammasamninga sem heimila kaupenda að fá ítarlegri upplýsingar frá samningsbirgjum um sölu og þar með hlutfall matvara innan samnings, sem uppfylla vistvæn skilyrði.

17. http://vinn.is/pdf/matvara_og_veisluthjonusta.pdf

18. <https://www.ust.is/einstaklingar/umhverfismerki/svanurinn/svansvottadar-vorur/>

19. <http://ec.europa.eu/ecat/>

20. https://www.islandsstofa.is/media/1/vottanir-og-upprunamerkingar-matvaela_oddy-anna-bjornsdottir.pdf

UNDIRMARKMIÐ 1.1

TRYGGJA AÐ MÖTUNEYTI BJÓÐI MATVÆLI SEM UPPFYLLA VISTVÆN SKILYRÐI OG KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ FRAMLEIÐSLUHÆTTI OG FLUTNINGA

Vistvæn innkaup fela í sér að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.²¹ Vegna stöðugra tækninýjunga og umbóta er nauðsynlegt að endurskoða reglulega vistvæn skilyrði í innkaupum matvæla. Að því sögðu er stöðugt samráð hagaðila mikilvægt og unnið verði að raunhæfum en metnaðarfullum hvötum og skilyrðum.

Framleiðsluhættir

Í könnun starfshópsins kom í ljós að langflestir innkaupastjórar mótuneyta, eða 95%, töldu mikilvægt að matvörur væru vottaðar samkvæmt skilyrðum um sjálfbæra framleiðslu eða veiðar og að þær innihéldu ekki erfðabreytt hráefni. Einnig kom fram að bæta þyrfti aðgengi að lífrænum vörum í magninnkaupum, en 56,5% töldu erfitt að kaupa lífrænt vottaðar vörur í því magni sem þeir þyrftu og sama hlutfall gildi um aðgengi að íslenskum lífrænum matvörum. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að leggja skuli áherslu á lífrænan landbúnað og að unnið verði að framgangi lífrænnar ræktunar hér á landi.

Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi lagt áherslu á^{22, 23} og sett fjármagn í aðlögunarstyrk á lífrænni ræktun^{24, 25} nær vöxtur hennar ekki þeim hæðum sem við sjáum í nærliggjandi löndum og eru lífrænir ræktendur um og undir 1% þeirra sem starfa í landbúnaði hér á landi. Aukinni eftirspurn er því mætt með með innfluttum vottuðum lífrænum mat.

Vottanir

Eftirspurn eftir vottuðum matvörum hefur almennt aukist og með fjölgun svansvottaðra mótuneyta eykst áhersla á innkaup lífrænna vara. Ýmsar matvælavottanir eru til fyrir sjávarafurðir, fiskeldi og landbúnaðarvörur, eins og rekjanleika- og sjálfbærnivottanir, rekjanleika- og umhverfisvottanir, vöruvottanir, umhverfisvottanir og upprunamerki. Vottanir sem staðfesta sjálfbærar sjávarnytjar og uppruna eru t.d. MSC (Marine Stewardship Council) og IRF (Iceland Responsible Fisheries) og vottanir í fiskeldi eru t.d. IMO (Whole Foods Market), BAP (Best Aquaculture Practices) og ASC (Aquaculture Stewardship Council).²⁶

Helsta vöruvottunin í landbúnaði hérlendis er á lífrænar vörur en jafnframt er íslenska lambakjötið vottað sem verndað afurðaheiti með vísan til uppruna (e. Protected Designation of Origin). Verndun afurðaheita gefur matvöru alþjóðlegan gæðastimpil og eru sóknarfæri fyrir íslenska framleiðendur að sækjast eftir slíkri vottun. Ítölsk yfirvöld krefjast t.d. að ákveðið hlutfall matvæla, sem ríkisaðilar kaupa, sé með upprunavottun (PDO, PGI). Sjá nánar í viðauka C.

Vangaveltur hafa verið um gildi þess að búa til séríslenska sjálfbærnivottun sem gerir út á sérstöðu Íslands með tilliti til útivistar dýra, notkunar á hreinu vatni og grænni orku auk lítillar notkunar sýklalyfja, eiturefna og erfðabreytts fódurs.²⁷ Slíkri vottun þarf að fylgja fjármagn til eftirlits.

21. https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/skjal/vistvaen_innkaup_og_graenn_rikisrekstur.pdf

22. <https://www.althingi.is/altext/135/s/0732.html>

23. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998070.html>

24. https://www.rml.is/static/files/RML_lifraent/adlogun_ad_lifraenum_buskap.pdf

25. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/effir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/21378>

26. og 27. https://www.islandsstofa.is/media/1/vottanir-og-upprunamerkingar-matvaela_islandsstofa.pdf



Bændasamtök Íslands hyggja á innleiðingu upprunamerkis fyrir íslenskar búvörur en eftir er að útfæra skilyrði og hvernig eftirfylgni verði með notkun þess merkis. Allt snýst á endanum um matvælaöryggi og áreiðanlegar og aðgengilegar upplýsingar um gæði og hreinleika hráefna.

Gæðakerfi og matvælaöryggi á Íslandi

Íslensk matvælafyrirtæki þurfa, eins og önnur matvælafyrirtæki sem lúta kröfum Evrópusambandsins, að framkvæma reglulegar örverumælingar. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinna eftirliti með matvælaöryggi héraendis. Sérstaða og hreinleiki íslensks hráefnis leggur grunn að ímynd Íslands sem matvælalands. Til að staðfesta það er nauðsynlegt að uppfærð og aðgengileg gögn séu til staðar sem staðfesta að matvæli séu örugg og að réttar upplýsingar séu veittar um þau. Ýmsar rannsóknar- og prófunarastofur þjónusta Matvælastofnunar við mælingar á varnarefnum, aðskotaefnum, örverum og fleira en aðgengilegur gagnagrunnur sem heldur utan um niðurstöður er ekki til. Stöðugar framfarir hafa orðið við að greina upprunategundir og örverumengun, sem vert er að fylgjast með.

Til eru stjórnunarkerfsvottanir eins og ISO, BRC, IFS, FSSC og Global G.A.P. Hins vegar mætti í framtíðinni nýta frammistöðumat matvælafyrirtækja í opinberum innkaupum á matvælum. Upplýsingar um framleiðsluhætti eiga að tryggja öryggi matvæla og gefa kaupendum kost á að taka upplýsta ákvörðun um vöruval og hvaða fyrirtæki þeir vilja skipta við.²⁸ Eftirlitið heyrir ýmist undir starfsemi Matvælastofnunar eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sbr. lög 93/1995 um matvæli en í birgerð er að birta frammistöðuflokkun opinberlega 1. janúar 2021.

Þjónustunánd

Hvað varðar kröfur til birgja má horfa til þjónustunándar. Nærssamfélagsneysla er ein leið til að styðja byggðapróun, draga úr lengd flutninga og efla nánd við framleiðendur og birgja. Evrópulönd, sem vilja styðja við nærssamfélagsneyslu, gera kröfur um staðfestingu á uppruna, að matvælin séu sem ferskust og að matarinnkaup bæjarfélaga styrki framleiðslu í nærssamfélagi. Sjá nánar í viðauka C.



Í spurningakönnun starfshópsins kom í ljós að 80% innkaupastjóra matvæla töldu mikilvægt að versla í nærsamfélagi (innan 200 km). Það getur hins vegar verið snúið ef þeir birgjar sem eru bundnir rammasamningi dreifa miðlægt því að það dregur úr áherslu á innkaup í nærsamfélagi.

Það er ekki nóg að vilja kaupa innlenda framleiðslu, hún þarf að vera til. Af 27 svörum í spurningakönnun starfshópsins kom í ljós að þriðjungur sagðist alltaf fá íslenskar matvörur þegar óskað væri eftir því, um tæp 60% sögðust oftast fá íslenska matvöru, 3,7% stundum og 3,7% sjaldan.

Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um að rýmka þurfi skilyrði fyrir þátttöku í rammasamningi um matvæli þannig að birgjar geti skráð sig inn í fyrirbyggjandi rammasamninga.

Hámarksgildistími rammasamninga er að jafnaði fjögur ár sem læsir samninga lengi, þeir taka því litlum og hægum breytingum. Þetta þarf að hafa í huga þegar vinna við meginmarkmið 3 hefst.

Í spurningakönnun starfshóps til innkaupastjóra ríkisstofnana sem reka eigið mótuneyti (28 stofnanir) kom í ljós að þeir sem keyptu eingöngu íslenskt kjöt- og fiskmeti var um og yfir 60%. Hins vegar var talsverður munur á svörum um innkaup á íslensku grænmeti. Þar var einn, af þeim 26 sem svöruðu, sem keypti eingöngu íslenskt grænmeti, flestir kaupa bæði íslenskt og innflutt þar sem hlutfall íslensks grænmetis var að meðaltali um 51%. Flestir kaupa íslenskar mjólkurvörur, um helmingur kaupir eingöngu íslenskt bygg og einn sem kaupir eingöngu íslenska repjuolíu. Í spurningakönnuninni kom ennfremur fram að 80% innkaupastjóra telja fremur eða mjög mikilvægt að kaupa innlenda framleiðslu umfram sambærilega innflutta vöru. Sjá nánar viðauka A.

Vistferilsspor og kolefnisspor matvæla

Við val á matvælum er eðlilegt að taka tillit til umhverfisáhrifa, ferskleika og hollustu. Með því að velja innlend matvæli í stað sambærilegra innfluttra matvæla er verið að stuðla að auknu fæðuöryggi og eflingu atvinnustarfsemi hér á landi. Erfitt er að fullyrða að allar innlendar matvörur séu með lægra kolefnisspor á meðan ekki er til mælitæki sem styður það. Í skýrslu starfshóps um raforkumálefni garðyrkjubænda (2018) kemur fram að hlutdeild garðyrkjunnar í heildarkolefnisspori íslenskrar matvælaframleiðslu er um 1% og í mörgum tilfellum mun minna en innfluttra garðyrkjuafurða.²⁹ Á Íslandi er alla vega ein búgrein að hefja undirbúning að því að kolefnisjafna framleiðsluna og eitt sölufyrirtæki hefur kolefnisjafnað flutninga.^{30, 31}

Þegar horft er til kolefnisspors matvæla liggur losun aðallega í framleiðslu matvæla. Sérfræðingar hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hafa reiknað út losun gróðurhúsalofttegunda frá hefðbundinni kjötframleiðslu og framleiðslu dýraafurða í heiminum. Þegar allt er tekið með í reikninginn er áætlað að framleiðsla á kjöti og dýraafurðum valdi 14,5% af allri manngerðri losun gróðurhúsalofttegunda.³²

Í landbúnaði er ákveðið tæknilegt þak á möguleikum til minnkunar á útblæstri svo framarlega sem ekki er hreinlega dregið úr framleiðslu. Slíkur samdráttur í framleiðslu skilar engum árangri á heildina lítið nema neyslan dragist líka saman. Ef neysla helst óbreytt er einungis verið að flytja útblástur á milli landa.³³ Nýleg rannsókn hérlandis sýnir að það er talsverður munur á losun gróðurhúsalofttegunda milli bóa og möguleikar til bindingar kolefnis eru einnig misjafnir.³⁴

Flutningar á matvælum skipta hlutfallslega litlu máli þegar heildarlosun lífsferils matvæla er skoðuð. Ákjósanlegast er að hafa flutningsleiðir sem stýstar og flutningar með flugi hafa hærra kolefnisspor en sjóflutningar. Í vistvænum innkaupum sem varða veitingaþjónustu er tilgreint að öll ökutæki sem notuð eru til þess að veita þjónustuna skulu a.m.k. uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4-staðli. Heimilt er að setja sambærileg skilyrði fyrir flutning matvæla.³⁵



29. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d723f0d6-5ab9-11e9-9439-005056bc530c>

30. <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=e5cf150d-33a7>

-11e6-80c7-005056bc217f&newsid=0fad7ce-22e6-11e9-942f-005056bc4d74

31. <https://www.islenskt.is/fyrirtaekid/kolefnisjofnun/>

32. <http://www.fao.org/3/a-i3437e.pdf>

33. Milljón tonn – sviðsmynd til 2030. Sigurður I. Friðleifsson (2017)

34. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=584ece20-f324-11e8-942f-005056bc4d74>

35. http://vinn.is/pdf/matvara_og_veisluthjonusta.pdf

Þegar kemur að neyslu matvæla er árangursríkast að draga úr kolefnisspori með því að skipta yfir í matvæli með lægra kolefnisspor í framleiðslu. Fæðutegundir eins og korn, ávextir og grænmeti valda minnstri losun og því er hægt að draga úr kolefnisspori máltíða með viðeigandi aðgerðum, t.d. að skipta út rauðu kjöti sem próteingjafa fyrir fisk, kjúkling eða baunir.³⁶ Stefna ætti að því að halda neyslu á rauðu kjöti í hófi og auka neyslu á fisk í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis sem miðar við 500 gr/viku/einstakling af rauðu kjöti.³⁷

Í lögum um opinber innkaup er lögð áhersla á vistvæn innkaup og vistferilsspor vara í innkaupum. Að reikna út vistferilsspor matvæla krefst lífsferilsgreiningar fyrir hverja fæðutegund sem er nokkuð flókin aðgerð.³⁸ Valumics er evrópskt samstarfsverkefni sem gengur út að að skilja drifkrafta í virðiskeðju matvæla og lífsferilsgreining er eitt af viðfangsefnum. Þegar þeirri vinnu er lokið væri rétt að skoða hvernig þær niðurstöður geta nýst við innkaup matvæla.³⁹

Einfaldari leið er að reikna út kolefnisspor matvæla. Þegar það er reiknað út þurfa að liggja fyrir margvíslegar upplýsingar um framleiðslu, aðföng, orkunotkun, áburð og fleira. Eins og staðan er nú myndi reiknilíkan fyrir kolefnisspor gefa frekar einfalda mynd þar sem skortir aðgengi að upplýsingum um mikilvægar breytur. Með hliðsjón af því er nauðsynlegt að leggja í kostnað við opinbert reiknilíkan á kolefnisspori matvæla sem hægt væri að hafa sem mælikvarða fyrir gæðakröfur við innkaup matvæla.

Upplýsingar um kolefnisspor matvæla væri hægt að nýta í tengslum við innkaup matvæla. Slíkar málefnalegar kröfur eru í samræmi við samkeppnislög. Sérstækt viðmið í samningi vegna þess veltur á því hvort farið verði í aðgerð 2.2.A þ.e.a.s. að hanna opinbert reiknilíkan fyrir kolefnisspor matvæla. Með bættu samráði við framleiðendur og birgja og breyttu samningsformi, mætti auka hlutfall ferskra matvara með litlu kolefnisspori í vissum vöruflokkum.



36. Stephen Clune, Enda Crossin, Karli Verghese. Systematic review of greenhouse gas emissions for different fresh food categories. Journal of Cleaner Production (2015).7

36. Rannveig Magnúsdóttir vistfræðingur, Samfélaginu á Rás 1: <http://www.ruv.is/frett/umhverfisahrif-kjotats-toluverd>

38. Munnleg heimild. Stefán Gíslason umhverfisráðgjafi.

39. <https://valumics.eu/>

Áskorun

Áskorunin liggur í því að farið verði yfir vistvæn skilyrði og kröfur í samráði við frumframleiðendur og birgja svo að unnt sé að efla samkeppnishæfni þeirra sem vilja skipta við ríkið. Magn eftirspurnar liggur nú hjá stofnunum og birgjum, ekki hjá Ríkiskaupum.

Það gæti auðveldað framleiðendum að vita hve mikið var keypt árið áður af ákveðinni fæðutegund, eins og ferskvöru, til að máta við framleiðslugetu. Með nýju rafrænu innkaupakerfi munu þessar upplýsingar liggja fyrir.

Efla þarf virka upplýsingagjöf milli framleiðenda, birgja/bjóðenda og Ríkiskaupa en nú á dögum annast Ríkiskaup fræðslu um rammamninga og aðstoða ríkisaðila við örútbod ef þess er óskað.⁴⁰

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

1.1.A

ENDURSKOÐA, ÚTBÚA, GEFA ÚT OG INNLEIÐA VISTVÆN SKILYRÐI OG KRÖFUR VIÐ INNKAUP MATVÆLA SEM STUÐLA AÐ UMHVERFISVERND OG STYÐJA SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Lagt er til að endurskoða kröfur og skilyrði sem sett eru í rammamninga og aðra samninga, fræða og útskýra mikilvægi þeirra og það samkeppnisforskot sem þau gefa í innkaupum. Vinna þarf að sameiginlegu mati á því hvaða mælingar styðja við skilyrði um hreinleika afurða og hafa til hliðsjónar í innkaupaskilmálum. Skilyrðin eiga að gilda í öllum innkaupum matvara óháð því hvort um rammamning eða annað fyrirkomulag er að ræða.

- ✓ Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Ríkiskaup og Umhverfisstofnun.
- ✓ Samstarfsaðilar: Innkaupastjórar mótuneyta, birgjar, frumframleiðendur, sveitarfélög, Matvælastofnun, Matís, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.
- ✓ Tímabil: 2019-2020.

MÆLIKVARÐAR:

Að samþykkt og útgefin vistvæn skilyrði og gæðakröfur liggja fyrir um mitt ár 2020, niðurstöður verði kynntar hagaðilum og gerðar aðgengilegar á vefsíðu Ríkiskaupa.



1.1.B

GEGNSÆTT OG ÁRANGURSRÍKT SAMRÁÐ SÉ MILLI RÍKISKAUPA OG FULLTRÚUM SAMSTARFSAÐILA MEÐ ÁRLEGUM FUNDUM

Með bættri samvinnu er hægt að vinna með magneftirspurn, vöruþróun, vottanir, vistvæn skilyrði, gæðakröfur, kolefnisspor og annað sem skiptir máli við innkaup matvara.

- ✓ Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Ríkiskaup og Umhverfisstofnun.
- ✓ Samstarfsaðilar: Innkaupastjórar og matreiðslumeistarar mötuneyta sem ríkið rekur eða kaupir þjónustu af sveitarfélög, Bændasamtök Íslands, afurðastöðvar, birgjar/þjóðendur, Matvælastofnun, Samtök atvinnulífsins Landbúnaðarháskóli Íslands og fulltrúar frá sjávarútvegi og fiskeldi.
- ✓ Tímabil: 2019 og reglulega.

MÆLIKVARÐAR:

Að hlutfall matvara sem uppfylla vistvæn skilyrði samkvæmt upplýsingum úr innkaupakerfi ríkissins hækki jafnt og þétt frá því að mælingar hefjast. Eðlilegt er að setja mælanleg viðmið eftir fyrstu úttekt.

Að 80% framleiðanda í landbúnaði sem ríkið kaupir afurðir af uppfylli „úrvals frammistöðu“ í frammistöðumati Matvælastofnunar/Heilbrigðiseftirlits árið 2030.

UNDIRMARKMIÐ 1.2

TRYGGJA MATREIÐSLUMÖNNUM MÖTUNEYTA AÐGENGI AÐ UMBÚÐALOUSUM MATVÆLUM EÐA PÖKKUÐUM SAMKVÆMT UMHVERFISSKILYRÐUM

Við upplýsingaöflun við gerð stefnunnar voru umbúðir og plastnotkun mikið rædd, sérstaklega varðandi íslenska grænmetisframleiðslu. Ýmis rök hafa verið færð fyrir notkun umbúða eins og til aðgreiningar frá innfluttu grænmeti og auknið geymslupól en umbúðir eru oft nauðsynlegar vegna matvælaöryggis.

Umbúðanotkun

Í vistvænum innkaupum á matvöru og veislubjónustu⁴¹ eru settar fram kröfur um grunn- og ítarviðmið, m.a. á umbúðum matvara. Nauðsynlegt er að uppfæra skilyrði í takt við þróun á markaði og ráðleggingar Umhverfisstofnunar og úrgangsförvarnarstefnu.⁴² Leggja skal áherslu á umbúðalausar lausnir fremur en umbúðir úr öðrum efnum en plasti. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni viðmið á samningstímabili og beiti viðurlögum ef viðmið eru ekki uppfyllt.⁴³ Í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri kemur til að mynda fram að óskað hafi verið eftir því við birgja að nota margnota flutningakassa undir matvæli.

Áskorun

Áskorunin felst í að efla fræðslu og þekkingu á matvælaumbúðum og pakkningum með það að markmiði að minnka notkun þeirra.

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

1.2.A

DRAGA ÚR NOTKUN MATVÆLAUMBÚÐA OG PAKKNINGA ÁN ÞESS AÐ MATVÆLAÖRYGGI SÉ STEFNT Í HÆTTU

Að unnið verði fræðsluefni um umhverfsvænar umbúðir og það kynnt á árlegum samráðsfundum, sbr. undirmarkmið 1.1.B, og auglýst á vefsíðu Ríkiskaupa.

- ✓ Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Umhverfisstofnun og Ríkiskaup.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matís, Samtök atvinnulífsins, Bændasamtök Íslands, birgjar og innkaupastjórar.
- ✓ Tímabil: 2019-2025.

MÆLIKVARÐAR:

Að 80% ferskvara afhentar mótuneytva ríkisaðila uppfylli vistvæn skilyrði Ríkiskaupa um plast og umbúðir árið 2025. Eftirfylgni í árlegri könnun innkaupastjóra, sbr. undirmarkmið 3.2.A um góða starfshætti.

41. http://vinn.is/pdf/matvara_og_veisluthjonusta.pdf

42. https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/saman-gegn-soun-2016_2027.pdf

43. http://vinn.is/pdf/matvara_og_veisluthjonusta.pdf

UNDIRMARKMIÐ 1.3

DRAGA ÚR LOFTSLAGSÁHRIFUM VEGNA MATARSÓUNAR Í MÖTUNEYTUM

Matarsóun er órjúfanlegur hluti af losun gróðurhúsalofttegunda í umsýslu matvæla á vegum ríkisaðila. Í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangssóun, „Saman gegn sóun – Almenn stefna um úrgangsförvarnir 2016–2027”,⁴⁴ eru aðgerðir gegn matarsóun forgangsmál. Ein af 34 aðgerðum í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum 2018–2030 er minni matarsóun. Þar kemur fram að á Íslandi sé matarsóun⁴⁵ í matvælaframleiðslu talin vera rúmlega 100 kg/íbúa á ári, í veitingarekstri yfir 120 kg/íbúa á ári og á heimilum yfir 60 kg/íbúa á ári. Matarsóun hefur ekki einungis áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda heldur leiðir hún til hærra matvöruverðs.⁴⁶

Í könnun starfshóps meðal ríkisaðila sem reka eigið mótuneyti kom fram að um 39% mótuneyta eru með verkferla sem stuðla að minni matarsóun. Aðeins tvö mótuneyti vigta matvælaúrgang (mat, afskurð, hýði o.s.frv.) en aðrir áætluðu magnið. Það var mikill munur á svörum þeirra sem vigta matvælaúrgang og þeirra sem áætla. Á Landspítalanum, sem er með svansvottað eldhús, er allur matur vigtaður og þar var 20,8kg/mann hent árið 2017. Þeir sem áætluðu töldu að um 4 kg/mann hefði verið hent. Enn fremur kom fram að efla mætti fræðslu til starfsfólks um matarsóun. Af 28 mótuneytum voru 15 sem hvorki gáfu né buðu upp á matarafganga.

Matarsóun

Verkefnum gegn matarsóun er ætlað að stuðla að betri nýtingu matvæla og koma í veg fyrir að óskemmdum mat sé fargað á öllum stigum virðisæðjunnar. Skýrt verklag um matarsóun í mótuneytum kallar á endurskoðun

verkferla og samstöðu aðgerða í öllu innkaupaferlinu. Mikilvægt er að taka tillit til eðli starfsemi opinberra stofnana þar sem fyrirsjáanlegt er að matur sem er ætlaður sjúklingum lendir frekar í ruslinu en t.d. hjá starfsmönnum.

Vottuð mótuneyti

Í vistvænum skilyrðum Ríkiskaupa um val á mótuneytisþjónustu ættu mótuneyti að fá stig sem bera vottun Svansins, eða geta sýnt fram á að þau uppfylli kröfur Svansins eða annarrar sambærilegrar vottunar. Þar sem Svanurinn er lífsferilsmerki þýðir vottunin að fyrirtækið hefur lágmarkað orkunotkun og úrgangsmagn og vinnur markvisst gegn matarsóun.⁴⁷ Svanurinn eykur einnig eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum en ekki síður staðbundnum vörum. Það er eðlilegt að mótuneyti sem ríkið rekur eða skiptir við uppfylli skilyrði sem gerð eru til svansmerktra mótuneyta.



44. https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Saman-gegn-soun-2016_2027.pdf

45. <https://www.stjornarradid.is/lisalb/getfile.aspx?itemid=b1bda08c-b4f6-11e8-942c-005056bc4d74>

46. Ritroð Samkeppniseftirlitsins. Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – staða samkeppninnar 2015, skýrsla nr. 1/2015 – mars, <http://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2015/Matvoruskyrsla2015.pdf>

47. <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Svanurinn/Svanurinn%20-%20b%C3%A6klingur%202018.pdf>

Áskorun

Áskorunin felst í því að innleiða formlega verkferla fyrir mótuneytisþjónustu sem sinnir ríkisaðilum og að sú vinna leiði til aðgerða sem hafi áhrif á innkaupaferli þeirra sem eiga viðskipti við ríkisaðila. Vottun Svansins eða annarrar sambærilegrar vottunar felur í sér umfangsmiklar og kostnaðarsamar aðgerðir, en að sama skapi hefur vottun í för með sér sparnað í rekstri og jákvæð áhrif á heilsu og umhverfi. Til að auka hlutdeild vottaðra mótuneyta mætti skoða aðkomu yfirvalda er varðar aðstoð við innleiðingu þvert á stofnanir í þeim tilfellum þar sem mótuneytin eru hluti af rekstri ríkisins.

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

1.3.A

MÖTUNEYTI Í REKSTRI RÍKISAÐILA OG AÐKEYPT MÖTUNEYTIÞJÓNUSTA SÉU MEÐ AÐGERÐIR TIL AÐ SPORNA GEGN MATARSÓUN. AÐ RÍKISAÐILAR SEM FYLGJA GRÆNUM SKREFUM Í RÍKISREKSTRI OG REKA EIGIÐ MÖTUNEYTI, SETJI VERKLAGSREGLUR UM MATARSÓUN

Koma upp verklagsaðgerðum um matarsóun. Mikilvægt er að mótuneyti þar sem eldað er fyrir ríkisaðila geti fengið ráðgjöf hjá Umhverfisstofnun. Efnit verði til hugmyndasamkeppni um leiðir til að draga úr matarsóun við matvælainnkaup hjá ríkisaðilum. Þeim eldhúsum sem uppfylla verklag um minni matarsóun verði veitt viðurkenning Umhverfisstofnunar.

- ✓ Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Umhverfisstofnun.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matreiðslumeistarar og starfsfólk mótuneyta, sem elda fyrir ríkisaðila, Ríkiskaup, forstöðumenn opinberra stofnana.
- ✓ Tímabil: 2020–2025.

MÆLIKVARÐAR:

Að öll mótuneyti þar sem eldað er fyrir ríkisaðila hafi kynnt fyrir starfsfólki sínu aðgerðir er miða að minni matarsóun árið 2025. Fylgst verði með árangri í árlegri könnun, sbr. undirmarkmið 3.2.A.

Að öll mótuneyti þar sem eldað er fyrir ríkisaðila hafi skýrar verklagsreglur um matarsóun árið 2022 og niðurstöður mælinga komi fram í árlegri könnun, sbr. undirmarkmið 3.2.A um góða starfshætti og eftirfylgni og að árið 2025 verði matarsóun 50% minni á hvern heilbrigðan neytanda.



1.3.B

HRINDA Í FRAMKVÆMD AÐLÖGUNARFERLI MÖTUNEYTA SEM LÝTUR AÐ ÞVÍ AÐ UPPFYLLA SKILYRÐI VOTTAÐRA MÖTUNEYTA

Setja þarf upp ráðgjafateymi fyrir mötuneyti sem hjálpar þeim að uppfylla skilyrði sem gerðar eru til umhverfisvottaðra eldhúsa sem líta má á sem undanfara innleiðingar. Ferlið við innleiðingu vottunar eins og Svansins er tímafrek og kostnaðarsöm og er háð fjármagni frá stjórnvöldum. Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða aðkeypta mötuneytisþjónustu þarf að vinna að því að setja hvata í útboð til að ýta mötuneytisþjónustu í átt að Svaninum eða sambærilegri vottun.

- ✓ Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Umhverfisstofnun.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matreiðslumeistarar og starfsfólk mötuneyta, sem elda fyrir ríkisaðila, Ríkiskaup, forstöðumenn opinberra stofnana.
- ✓ Tímabil: 2020–2030.

MÆLIKVARÐAR:

Að aðilum innkaupastefnunnar hafi verið boðið upp á aðstoð við innleiðingu eða aðlögun að skilyrðum Svansins (eða sambærilegrar vottunar) fyrir mötuneyti í eigin rekstri með einum eða öðrum hætti fyrir árið 2022.

Að eitt af vistvænum skilyrðum í rammasamningum og öðrum útboðum verði að aðkeypt mötuneytisþjónusta fái stig sé hún svansvottuð eða með sambærilega vottun.

MEGINMARKMIÐ 2

MÁLTÍÐIR Í MÖTUNEYTUM RÍKISADILA UPPFYLLI LÝÐHEILSUMARKMIÐ OG NEYTENDUR HAFI AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM UM HOLLUSTU OG UPPRUNA

Hollur og næringarríkur matur hefur áhrif á líkamlega og andlega heilsu, vellíðan og starfsorku fólks. Að sama skapi er slæmt mataræði eitt stærsta heilbrigðisvandamál Vesturlanda og eykur líkur á ósmittbærum sjúkdómum á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki af tegund 2 og tiltekin krabbamein. Ísland er þar engin undantekning eins og fram kemur í Global Burden of Disease Profile⁴⁸ um Ísland. Þar kemur fram að einn af stærstu einstöku áhættuþáttum fyrir sjúkdómabyrði á Íslandi er mataræði. Niðurstöður landskönnunar á mataræði sem fram fór 2010–2011 sýndu að fáir Íslendingar náðu að fylgja opinberum ráðleggingum um mataræði, en ekki eru til nýrri sambærileg gögn. Niðurstöður árlegrar vöktunar áhrifaþátta heilbrigðis, þar sem könnuð er m.a. tíðni neyslu grænmetis, ávaxta og gosdrykkja og birtar eru upplýsingar um í lýðheilsuvísium eftir heilbrigðisumdæmum,⁴⁹ sýndu fyrir árið 2017 að aðeins 11% fullorðinna borða fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag, eins og ráðlagt er. Niðurstöðurnar sýndu að öll heilbrigðisumdæmi á Íslandi glíma við sömu áskoranirnar, þ.e. að íbúar þeirra borða of lítið af grænmeti og ávöxtum en drekka of mikið af gosi.

Þessar staðreyrnir haldast í hendur við að á Íslandi er einn stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs heilbrigðismál og stór hluti þess fer í meðhöndlun ósmittbærra sjúkdóma sem fyrr var lýst. Minnka má líkurnar á þessum sjúkdómum með hollu mataræði auk þess sem auðveldara er þá að halda heilsusamlegu holdafari. Því ætti það að vera forgangsatridi á vinnustöðum ríkisins að bera fram hollan og næringarríkan mat samkvæmt opinberum ráðleggingum um mataræði.

Ísland er hluti af alþjóðlegu samstarfi/áætlanagerð sem tekur á þessum málum. Má þar nefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) sem hefur sett fram aðgerðaáætlun um forvarnir og eftirlit til að stemma stigu við aukinni tíðni ósmittbærra sjúkdóma þar sem næring skiptir máli.⁵⁰

Þá er evrópsku aðgerðaáætluninni um mat og næringu 2015–2020,⁵¹ sem WHO gaf út, enn fremur ætlað að stuðla að heilsusamlegu fæðuumhverfi og í nýrri skýrslu frá WHO, „Front of Pack Labelling”,⁵² er fjallað um merki á borð við Skráargatið og finnska Hjartamerkið sem eru notuð til að auðvelda hollara val á matvælum.⁵³ Hér á landi er skráargatsmerkið notað af íslenskum matvælaframleiðendum.

UNDIRMARKMIÐ 2.1

TRYGGJA AÐ MÖTUNEYTI RÍKISADILA BJÓÐI HOLL MATVÆLI OG FYLGI RÁÐLEGGINGUM EMBÆTTIS

LANDLÆKNIS UM MATARÆÐI

Embætti landlæknis gefur út opinberar ráðleggingar um mataræði,⁵⁴ sem eru í samræmi við Norrænar næringarráðleggingar 2012. Þar er meiri áhersla en áður á fæði úr jurtaríkinu, sem er trefjaríkt frá náttúrunnar hendi, eins og grænmeti, ávexti, heilkornavörur, baunir, linsur, hnetur, fræg og jurtaolíur en einnig á önnur matvæli sem eru rík af næringarefnum frá náttúrunnar hendi, svo sem fisk, hreinar fituminni mjólkurvörur, kjöt í hófi og svo drykkjarvatn.

48. <http://www.healthdata.org/iceland>

49. <https://www.landlaeknir.is/toifraedi-og-rannsoknir/toifraedi/lydheilsuvisar/>

50. https://www.who.int/nmh/events/ncd_action_plan/en/

51. http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0008/253727/64wd14e_FoodNutAP_140426.pdf

52. http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0007/384460/Web-WHO-HEN-Report-61-on-FOPL.pdf?ua=1

53. http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0007/384460/Web-WHO-HEN-Report-61-on-FOPL.pdf

54. https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item25796/R%C3%A1%C3%B0leggingar%20um%20matar%C3%A6%C3%B0i_2017_LR.pdf

Takmarka ber hins vegar neyslu á unnum matvörum sem innihalda oft mikið af mettaðri fitu, sykri eða salti, sem dæmi má nefna gosdrykki, sælgæti, kex, kökur, snakk, skyndibita og unnar kjötvörur. Einnig hafa verið gefnar út ráðleggingar um mataræði fyrir eldra fólk sem er við góða heilsu⁵⁵ og fyrir hrúmt eða veikt eldra fólk⁵⁶.

Hollt og sjálfbært mataræði

Hollt mataræði og umhverfissjónarmið haldast í hendur. Hugtakið sjálfbært mataræði (e. Sustainable diets) hefur verið að hasla sér völl síðustu árin. Það felur í sér að í opinberum ráðleggingum um mataræði sé tekið með í reikninginn atriði eins og kolefnisspor matvæla og auðlindanotkun.^{57, 58}

Til dæmis hafa Norðmenn sýnt fram á að mataræði í samræmi við opinberar ráðleggingar þar í landi, sem eru sambærilegar opinberum ráðleggingum hér á landi, samræmist að miklu leyti sjálfbæru mataræði. Sjálfbært mataræði einkennist m.a. af meiri neyslu fæðis úr jurtaríkinu en minni neyslu á rauðu kjöti, unnum kjötvörum og öðrum mikið unnum matvælum.

Í könnun starfshópsins kom fram að tæp 72% stofnana bjóða upp á grænmetisrétti vikulega eða oftár og þar af tæp 36% daglega, tæp 30% sögðust bjóða upp á veganrétti vikulega eða oftár en 39% aldrei. Æskilegt er að boðið sé upp á grænmetisrétti/veganrétti sem valkost í mótuneytum.

Skráargatsmerkið

Norræna matvælamerkið Skráargatið getur auðveldað hollara val við innkaup á matvörum og því að fylgja opinberum ráðleggingum um mataræði. Samanborið við aðrar matvörur í sama fæðuflokki, uppfylla matvörur sem bera Skráargatið eina eða fleiri af eftirfarandi kröfum: Minni og hollari fitu, minni sykri og salt og meira af trefjum og heilkorni. Mikilvægt er að vinna að því að auka hlut Skráagatsmerktra vara á markaði þannig að mótuneyti geti valið þau við innkaup. Skilmálar um Skráargatsmerkta vörur eru í rammasamningi en það virðist ekki stýra innkaupum né heldur virðast framleiðendur hafa áttað sig á því að vara þeirra gæti orðið eftirsóknarverðari ef hún er merkt Skráargatinu. Ekkert kostar að Skráargatsmerkja vörur en þær þurfa

að uppfylla kröfurnar í reglugerð 428/2015, um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla. Fleiri merki eru í notkun erlendis sem ætlað er að auðvelda hollara val t.d. finnska Hjartamerkið.

Næringargildi

Mikilvægt er fyrir þá sem sjá um matreiðslu og þá sem neyta matarins að hafa aðgang að upplýsingum um næringargildi matvæla/máltíða. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem útbúa matseðla og eldamennsku fyrir sjúkrahús og hjúkrunarheimili þar sem fólk fær allan sinn mat. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að hægt sé að næringarreiðna matseðla. Í íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla (ÍSGEM) eru upplýsingar um næringargildi matvæla. Í honum er hægt að fá upplýsingar um magn hefðbundinna næringarefna í íslenskum og innfluttum vörum og hægt væri að bæta þar við upplýsingum um ofnæmisvalda.

Í könnun starfshópsins kom fram að langflestir innkaupastjórar mótuneyta þeirra stofnana sem reka eigið mótuneyti (>90%) telja mikilvægt að hafa næringargildi og hollustu til hliðsjónar við innkaup matvara og flestum (82%) finnst auðvelt að kaupa matvörur sem þeir treysta að séu hollar. Gott traust virðist ríkja til birgja um að afgreiða holl matvæli. Þar sem mótuneyti er úthýst eru rúmir tveir þriðju stofnana sem setja kröfu um að maturinn uppfylli ráðleggingar Embættis landlæknis um hollt mataræði en tæpur þriðjungur gerir það ekki.

Mælt er með því að mótuneyti ríkisaðila gefi upp næringargildi máltíða. Í könnun starfshópsins kom fram að tæplega 11% nota reikniforrit til að reikna næringargildi máltíða. Það kom einnig fram að það vantaði betra kerfi til útreikninga.

55. Ráðleggingar landlæknis um mataræði eldra fólks við góða heilsu: <https://bit.ly/2ANumiG>

56. Ráðleggingar landlæknis um mataræði fyrir veikt eldra fólk: <https://bit.ly/2swUUQG>

57. https://www.panda.org/our_work/food/sustainable_diets/

58. Mason and Lang (2017) Sustainable Diets. How Ecological Consumption Can Transform Consumption And The Food System. Routledge. Oxon, UK.

Áskorun

Af þeim stofnunum sem reka eigið mötuneyti töldu rúm 65% að auðvelt væri að kaupa næringarrík matvæli fyrir það fjármagn sem þau fengu til matarinnkaupa. Út frá þeim tölum er erfitt að áætla hversu næringarríkar máltíðirnar eru. En athygli vakti að fæstir matreiðslumenn mötuneyta nota næringarútreikninga heldur beita „heilbrigðri skynsemi“.

Því þarf aðgengilegt reikniforrit fyrir starfsfólk mötuneyta sem auðveldar þeim að nýta ÍSGEM. Hann hefur þó ekki verið uppfærður síðan árið 2011, það vantar upplýsingar um íslenskar vörur og grunnurinn er ekki nógu notendavænn. Uppfærsla á ÍSGEM er forsenda fyrir næringarútreikningum. Fjármagn vantar til að uppfæra ÍSGEM en þegar það er komið þarf að fræða og hvetja matreiðslumeistara í mötuneytum ríkisaðila til að nota reikniforrit og næringarreikna matseðla.

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

2.1.A

FRAMREIDDUR MATUR Í MÖTUNEYTUM RÍKISAÐILA SÉ Í SAMRÆMI VIÐ RÁÐLEGGINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS UM MATARÆÐI

Tryggja að framreiddur matur hjá ríkisaðilum sé hollur með því að fylgja opinberum ráðleggingum Embættis landlæknis við innkaup matvæla. Ríkiskaup setja skilyrði sem uppfylla ráðleggingar Embættis landlæknis inn í útboðsgögn mötuneytisþjónustu. Lagt er til að Embætti landlæknis í samstarfi við Matvælastofnun haldi vinnustofu á tveggja ára fresti í samráði við Ríkiskaup. Þar yrði farið yfir ráðleggingar um mataræði, samsetningu máltíða og skráargatsmerktar vörur.

- ✓ Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaðilar: Embætti landlæknis, Matvælastofnun og Ríkiskaup.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matreiðslumeistarar mötuneyta, birgjar og Samband íslenskra sveitarfélaga.
- ✓ Tímabil: Frá 2020.

MÆLIKVARÐAR:

Að 80% mötuneyta þar sem eldað er fyrir ríkisaðila framreiði mat í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði árið 2025 samkvæmt árlegri könnun, sbr. undirmarkmið 3.2.A um góða starfshætti og eftirfylgni.

Að 90% matreiðslumeistara sem sjá um innkaup og útbúa matseðla fyrir ríkisaðila hafi tekið þátt í fyrrgreindum fræðslufundi fyrir árið 2025 samkvæmt árlegri könnun, sbr. undirmarkmið 3.2.A um góða starfshætti og eftirfylgni.



2.1.B

TRYGGJA AÐ GAGNAGRUNNURINN ÍSGEM SÉ UPPFÆRÐUR SVO AÐ NÆRINGARUPPLÝSINGAR SÉU RÉTTAR

Að næringargagnagrunnurinn ÍSGEM sé uppfærður, viðhaldið og viðmót gert notendavænna svo auðvelt sé að leita í honum og ef til vill tengja við rafræna matseðlagerð.

- ✓ Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Matis.
- ✓ Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis, Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.
- ✓ Tímabil: 2019–2021.

MÆLIKVARÐAR:

Að árið 2021 verði búið að uppfæra ÍSGEM og honum viðhaldið í framhaldinu.

2.1.C

SKOÐA KOSTNAÐ OG ÁVINNING ÞESS AÐ MÖTUNEYTI RÍKISAÐILA HAFI AÐGANG AÐ REIKNIFORRITI TIL NÆRINGAÚTREIKNINGA

Eins og staðan er nú hafa bara stöku staðir reikniforrit til að næringarreikna matseðla. Til að tryggja að máltíðir opinberra mötuneyta, sérstaklega þar sem fólk fær allar máltíðir, uppfylli opinberar ráðleggingar um mataræði er nauðsynlegt fyrir matreiðslufólk að hafa aðgang að reikniforriti.

- ✓ Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið.
- ✓ Leitað eftir tilboði í verkið.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, Embætti landlæknis, matreiðslufólk í mötuneytum ríkisaðila og Matís.
- ✓ Tímabil: 2020.

MÆLIKVARÐAR:

Að 2020 verði búið að skoða kostnað og ávinning þess að tryggja aðgang ríkisaðila að reikniforriti til næringarútreikninga. Ákvörðun um framhald tekin þá.

2.1.D

INNKAUPASTJÓRAR VELJI HOLLARI VALKOST VIÐ INNKAUP MATVARA

Mikilvægt er að birgjar auðkenni skráargatsmerktar vörur eða önnur sambærileg merki í innkaupalistum til að auðvelda innkaupastjórum valið. Seljendur í rammasamningi flaggi sérstaklega matvöru sem uppfyllir skilyrði um hollara val eins og t.d. Skráargatið.

- ✓ Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Matvælastofnun og Ríkiskaup.
- ✓ Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis.
- ✓ Tímabil: 2020.

MÆLIKVARÐAR:

Þegar rafrænt innkaupa- og beiðnakerfi ríkisins er komið í fulla notkun verða greinanlegar upplýsingar um framboð seljenda og innkaup kaupenda á skráargatsmerktun matvörum. Árið 2025 á hlutfall skráargatsmerktra matvara að vera 20% meira en það var árið 2020.

UNDIRMARKMIÐ 2.2

EINFALDA MIÐLUN UPPLÝSINGA UM UPPRUNA, GÆÐI OG UMHVERFISÁHRIF TIL ÞEIRRA SEM BORÐA Í MÖTUNEYTUM HJÁ RÍKISAÐILUM

Það er ekki nóg að tryggja að innkaup byggist á ákveðnum vistvænum skilyrðum heldur þurfa merkingar matvæla í hverri sendingu að vera þannig að auðvelt sé að upplýsa þá sem neyta matarins um hráefnið með sem minnsti fyrirhöfn. Upplýsingar sem eiga erindi til þeirra sem borða í mötuneytum þarf að tengja við matseðla til að einfalda vinnuferlið. Aukin upplýsingagjöf til neytenda hins opinbera eflir þekkingu og meðvitund þeirra um áhrif matvæla á umhverfi og heilsu, sem skilar sér í vitundarvakningu.

Þeim sem framleiða og dreifa matvælum til annarra ber að uppfylla viðeigandi ákvæði laga um matvæli, nr. 93/1995, og reglugerða sem settar eru með stöð í þeim. Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda byggist á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1169/2011. Í IV. kafla reglugerðar nr. 1294/2014⁵⁹ er gerð grein fyrir lögboðnum matvælaupplýsingum, m.a. fyrir stóreldhús. Mikilvægt er að allir í virðisæðju matvæla þekki til meginreglna um miðlun upplýsinga sem ætlaðar eru fyrir stóreldhús, þ.e. hverjar eru landsbundnar, lögbundnar eða valkvæðar.

Í viðtölum og í spurningakönnun starfshóps kom í ljós að bæta má upplýsingagjöf sem fylgir hverri afhendingu ferskvöru, en matvælamerkingar til stóreldhúsa eru ekki eins og á neytendamarkaði. Merkingar matvæla til mötuneyta þarf að skoða þannig að hver sending sé merkt samkvæmt reglugerð um merkingar matvæla og æskilegt að þar sé að finna rekjanlegar upplýsingar sem eru m.a. til marks um framleiðsluhætti, kolefnisspor og uppruna.

Matseðlar og næringarkröfur

Flestir viðmælenda í spurningakönnun starfshópsins birta matseðla rafrænt. Margir eru með upplýsingar um innihaldsefni og ofnæmisvalda en svo virðist sem færri geri grein fyrir uppruna, næringargildi eða hvort maturinn innihaldi erfðabreytt hráefni. Útfæra þarf matseðla þannig að unnt sé að bæta með skýrum eða myndrænum hætti upplýsingar sem neytendur mötuneyta eiga rétt á að vita.

Erfitt er að finna samræmda lausn til að tryggja að uppfyllt vistvæn skilyrði, sem starfshópnum var gert að taka tillit til, skili sér til þeirra sem neyta matarins. Uppfært ÍSGEM, opinbert reiknilíkan kolefnisspors og rekjanleikakerfi eru valkostir sem geta gefið innkaupastjórum áreiðanlegar upplýsingar, hvert á sinn máta. Mestu skiptir að upplýsingar sem eiga erindi til mismunandi hópa neytenda (starfsmenn, sjúklingar, nemendur o.fl.) verði aðgengilegar í því kerfi sem nýtt er til að útbúa matseðla. Það gæti í sumum tilfellum reynst snúið að upprunamerkja hráefni á matseðli því að bæði koma hráefnin víða að og þar sem matseðlar eru oft birtir með minnst viku fyrirvara getur birgðastaða ferskvöru hjá birgi verið þannig að hann neyðist til að afhenda matvöru frá öðru landi en óskað var eftir í pöntuninni. Þetta er þó útfærsluatríði.

59. <https://www.reglugerdi.is/reglugerdir/efrir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/19539>

Rekjanleiki tryggir áreiðanlegar upplýsingar um matvöruna og auðveldar miðlun til þeirra sem neyta matarins

Sá valkostur að uppfyllt vistvæn skilyrði fylgi hverjum reikningi eða viðskiptaskjali getur verið kostnaðarsamt og vinnufrekt fyrirkomulag fyrir birgja/bjóðendur og því ekki sérlega fýsilegur kostur. Með nýju innkaupa- og beiðnakerfi Ríkiskaupa væri hægt að halda utan um þessar upplýsingar.

Rekjanleikakerfi eins og bálkakeðjan (e. blockchain) er smám saman að ryðja sér til rúms. Um er að ræða hugbúnað sem safnar raunupplýsingum í gegnum virðiskeðju matvæla. Kerfið á að tryggja gegnsæi frá framleiðanda/býli til neytenda. Ekki er hægt að falsar upplýsingar sem fara þangað inn, sér í lagi ef stuðst er við rafrænt innsigli. Bálkakeðja getur verið eign ríkis eða fyrirtækis, opin eða blönduð. Alls eru til um 100 tegundir af bálkakeðjum.

Inn í hugbúnaðinn er hægt er að draga upplýsingar t.d. um uppruna, framleiðsluhætti, frammistöðuflokkun, sláturhús, flutninga, vottanir, geymslu o.s.frv. Þá væri líklega hægt að safna upplýsingum um lyfjaleifar og annað er þykir skipta máli. Að sama skapi er hægt að koma í veg fyrir matvælasvindl og auðvelda innköllun matvæla. Áströlsku bændasamtökin telja að bálkakeðjuvirkni og snjalllausnir umbúða verði næstu skref framþróunar.⁶⁰ Helsta áskorunin er að fylkja liði hagaðila svo að mynda megi breiðfylkingu um notkun rekjanleikakerfis.

Af og til heyrst af snallforitum (e. app) sem eiga að miðla gegnsæjum vöru- og/eða framleiðsluupplýsingum milli aðila í virðiskeðju matvæla eða beint til neytenda, en ekkert þeirra hefur náð fótfestu hér á landi.

Áskorun felst í að matvæla-, umhverfis- og upprunamerkingar séu áreiðanlegar, fylgi hverri pöntun og neytendur mötuneyta upplýstir um þessa þætti. Upplýsingar um næringargildi þurfa ennfremur að vera aðgengilegar. Ákjósanlegast er að slíkar upplýsingar séu rafrænar þannig að unnt sé að draga þær inn í matseðla og minnka þar með fyrirhöfn þeirra sem sinna matseðlagerð.

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

2.2.A

HANNA OPINBERT REIKNILÍKAN FYRIR KOLEFNISSPOR MATVÆLA

Stjórnvöld leggi til reiknilíkan sem mælir kolefnisspor matvæla frá framleiðanda til kaupanda.

- ✓ Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Leitað eftir tilboði í verkið.
- ✓ Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, Mafis, Samtök atvinnulífsins.
- ✓ Tímabil: 2019–2021.

MÆLIKVARÐAR: 80% matvara verði merkt kolefnisspori árið 2025 og að öðru leyti tekið tillit til vistvænna skilyrða, sbr. undirmerkið 1.1.A. Eftirfylgni í árlegri könnun, sbr. undirmerkið 3.2.A um góða starfshætti eða gegnum innkaupa- og beiðnakerfi ríkisins þegar nýja útfærslan er komin í almenna notkun.

⁶⁰. <https://www.talking2030.com/discussion-paper>

2.2.B

KRAFA GERÐ UM AÐ UPPLÝSINGAR UM UPPRUNA, NÆRINGARGILDI, KOLEFNISPOR OG OFNÆMISVALDA SÉU Á MATSEÐLUM

Vinna að útfærslu og samræmdum upplýsingum á matseðlum.

- ✓ Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Ábyrgðaraðilar mótuneyta.
- ✓ Samstarfsaðilar: Matreiðslumeistarar í mótuneytum ríkisaðila.
- ✓ Tímabil: 2019–2021.

MÆLIKVARÐAR: Á 80% allra matseðla verði upplýsingar um innihaldsefni, uppruna, næringargildi, kolefnisspor og ofnæmisvalda árið 2025.

2.2.C

SKOÐA KOSTNAÐ OG ÁVINNING ÞESS AÐ KOMA Á OPINBERU REKJANLEIKAKERFI Í INNKAUPUM Á MATVÖRU

Skóða opinbert rekjanleikakerfi í sjávarútvegi og landbúnaði, byggt á bálkakeðju eða öðrum sambærilegum hugbúnaði til að auka gegnsæi allra nauðsynlegra upplýsinga um virðis_keðju matvæla.

- ✓ Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Leitað eftir tilboði í verkið.
- ✓ Samstarfsaðilar: Bændasamtök Íslands, Matís, Matvælastofnun, Samtök atvinnulífsins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Sjávarklasinn.
- ✓ Tímabil: 2019–2021.

MÆLIKVARÐAR: Úttekt liggja fyrir árið 2020.

MEGINMARKMIÐ 3



AÐ LÖGÐ SÉ ÁHERSLA Á VISTVÆN SKILYRÐI, LÝÐHEILSU OG SAMVINNU HAGADILA Í INNKAUFAFERLUM MATVÆLA

Nauðsynlegt er að þarfir ríkisins og seljenda fari saman og því þarf stöðugt að endurskoða þær innkaupaaðferðir sem notaðar eru hverju sinni til þess að unnt sé að ná fram þeirri hagræðingu sem mögulegt er. Aukið samstarf kaupenda og seljenda er nauðsynlegt ásamt betri áætlanagerð svo að markmiðin nái fram að ganga og kaupendur og seljendur hafi hag af þegar upp er staðið.

Rammasamningar eru samningar við einn eða fleiri bjóðendur þar sem magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint, en kaupendur, einn eða fleiri, skuldbinda sig til að kaupa af þeim þá vöru, þjónustu eða verk sem samningurinn kveður á um, m.a. hvað varðar gæði, tækni, þjónustu, afhendingartíma og verð á samningstímanum.

Allar ríkisstofnanir í A-hluta eru aðilar að rammasamningum Ríkiskaupa en aðild annarra opinberra aðila er valfrjáls. Kaup á vöru og þjónustu sem fellur utan rammasamninga, og eru yfir útboðsmörkum, fara í útboð þar sem kaupandi setur kröfurnar. Mikilvægt er að tryggja að stofnanir nýti rammasamninga til fulls til þess að ná þeim áherslum sem settar eru. Því er jafnframt mikilvægt að tryggja þekkingu kaupenda á þeim skilyrðum sem koma fram í rammasamningum, en í spurningakönnun starfshóps og á vinnustofu kom í ljós þörf á meiri fræðslu um rammasamninga.

Rammasamningar um matvöru eru nú tveir og eru þeir báðir umfangsmiklir. Annar er samningur um almenna matvöru og hinn um kjöt og fisk.⁶¹ Enginn rammasamningur er um mjólkurvörur. Fjöldi birgja/bjóðenda innan rammasamnings á almennri matvöru er 14⁶² og 12 innan samnings um kjöt og fisk.⁶³ Útboð á rammasamningum taka breytingum sem endurspeglar markaðsaðstæður hverju sinni.

Endurskoða þarf fyrirkomulag rammasamninga á ferskvöru bæði út frá kolefnisspori og ferskleika og meta hvort annað samningsform hæfir betur eins og lagt er til í kaflanum um undirmarkmið 3.1. Breytingar á skilmálum geta stuðlað að frjálsri samkeppni innan svæða þar sem aðgengi lítilla og meðalstórra matvælaþyrktækja yrði þá auðvelduð. Samhliða því þarf að endurskoða hæfiskröfur til bjóðenda.

Aðferðir við innkaup á mótuneytisþjónustu

Þegar stofnun kys að bjóða út mótuneytisþjónustu er farið í útboð þar sem kaupandinn setur kröfurnar. Ekki er algengt að settar séu miklar kröfur um innkaup þess aðila sem tekur þjónustuna að sér þrátt fyrir að slíkar kröfur séu vel innan heimilda. Mótuneytisþjónusta fellur undir sértæka þjónustu skv. VIII. kafla laga um opinber innkaup, nr. 120/2016. Slík þjónusta var ekki útboðsskyld samkvæmt eldri lögum en fellur nú undir sértæka þjónustu samkvæmt núgildandi lögum eða „léttu leiðina“ svokölluðu þar sem viðmiðunarfjárhæðir um útboðsskyldu eru mun hærri en vegna annarrar þjónustu. Meira val er um útboðsaðferðir og aukið svigrúm við framsetningu valforsendna en almennt í opinberum innkaupum. Kaupendur þurfa að skoða hverju sinni hvaða innkaupaferill skv. IV. kafla laganna er heppilegastur í ljósi þess markmiðs sem að er stefnt. Í innkaupum á mótuneytisþjónustu er samkvæmt reglunum hægt að nýta sérreglur 94. gr. laga og reglugerða um opinber innkaup til að setja fram valforsendur sem taka tillit til valdeflingar neytenda. Þannig getur skilyrði um að matvæli sem boðið er upp á í mótuneyti séu upprunamerkt auðveldað neytanda að ákveða hvort hann vill borða matinn.

61. <https://www.rikiskaup.is/rammasamningar/flokkar/motuneyti-kaffistofur-fundaveitingar/pakkavara-nidursudivara/>

62. <https://www.rikiskaup.is/rammasamningar/flokkar/motuneyti-kaffistofur-fundaveitingar/pakkavara-nidursudivara/>

63. <https://www.rikiskaup.is/rammasamningar/flokkar/motuneyti-kaffistofur-fundaveitingar/kjot-og-fiskur/>



Innkaupakerfi

Í spurningakönnun starfshópsins kom í ljós að 44% stofnana með eigið mötuneyti notuðu rafrænt innkaupakerfi fyrir matvörur. Ýmist var notað Oracle, Timian eða birgjakerfi. Á vinnustofu starfshóps var bent á mikilvægi þess að vera með notendavænt rafrænt innkaupakerfi þar sem kaupandi gæti valið út frá innihaldi, gæðum, hollustu, kolefnisspori, verði o.s.frv. Fjármála- og efnahagsráðuneytið stendur að tilraunaverkefni, í samstarfi við nokkrar stofnanir, um notkun rafræns innkaupa- og beiðnakerfis í Oracle-kerfi ríkisins. Ef vel tekst til mun kerfið auðvelda greiningu á innkaupum ríkisins.

Matvælaverð

Í spurningakönnun starfshópsins kom fram að fjármagn til matarinnkaupa hafði hækkað hjá 47,3%, lækkað hjá 3,6% og staðið í stað hjá 49,1% stofnana, miðað við fimm undanfarin ár. Þar kom einnig fram að innkaup matvara meðal þeirra stofnana sem reka eigið mötuneyti eru verðdrifin. En 18 af 20 innkaupastjórum töldu verð matvörunnar mikilvægt án þess þó að slá af kröfum um hollustu. Í viðtölum við matreiðslumeistara/innkaupastjóra lýstu þeir yfir áhyggjum um að aukin áhersla á vottaðar afurðir gætu leitt til hækkandi innkaupakostnaðar. Aðrir hins vegar gagnrýna að oft er kostnaður vegna umhverfis- og auðlindaáhrifa ekki reiknaður inn í matvælaverð, sem þó mun bitna á komandi kynslóðum.^{64, 65}



64. The true Cost of Food: An Excerpt from Nourished Planet. Júní 2018.

65. True cost accounting. Lexicon of Food.

UNDIRMARKMIÐ 3.1

HAGRÆÐI INNKAUPA VERÐI SKOÐAÐ ÚT FRÁ VISTVÆNUM SKILYRÐUM, LÝÐHEILSU OG SAMKEPPNISSJÓNARMÍÐUM

Gott flæði upplýsinga vegna innkaupaskilyrða þarf að vera á milli framleiðenda og kaupenda á vegum hins opinbera. Til stuðnings og leiðbeiningar væri hægt að setja upp rafræna verkfærakistu eins og stefnumiðað árangursmat (e. balanced scorecard) þar sem kröfur ríkisins væru settar fram og innkaupastjórar og birgjar gætu mátað sig við. Sjá nánar bls. 5 í viðauka C. Í verkfærakistunni væri enn fremur hægt að koma fyrir árstíðadagatali ferskvara hvort heldur sem þær væru innlendar eða erlendar en slíkt gefur upplýsingar um ferskleika þeirra, ferðalag og uppruna. Sem dæmi má taka íslenska grænmetisdagalið.⁶⁶

Þátttaka misstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum er til hagsbóta bæði fyrir fyrirtækin og hið opinbera. Samningar við lítil og meðalstór fyrirtæki tryggja aðgang þeirra að mörkuðum og gefur þeim tækifæri til þess að styrkjast og vaxa. Fjölbreyttum þörfum hins opinbera er einnig betur mætt þegar það á í viðskiptum við sveigjanleg, kvik og nýskapandi fyrirtæki, en það eru eiginleikar sem eiga oftast við um lítil og meðalstór fyrirtæki. Hins vegar getur regluverk og framkvæmd opinberra innkaupa verið hamlandi fyrir slík fyrirtæki þar sem flækjustigið er oft mikið, miklar fjárhagslegar kröfur

og kröfur um tæknilega getu ásamt því að stjórnslan er flókin. Því er mikilvægt að auka samráð í því augnamiði að ná fram þeim ábata sem mögulegur er.⁶⁷

Tryggja þarf að innkaupaferli ríkisaðila innan eða utan rammamarkmiðna styðji við kaup á matvörum sem uppfylla gæðakröfur, umhverfisskilyrði og lýðheilsuþætti.

Meta þarf hvort hægt sé að hafa annað samningsform en hefðbundna rammamarkmiðna, t.d. rafræna vörulista skv. 43 gr. laga um opinber innkaup eða gagnvirk innkaupakerfi (e. dynamic purchasing system) skv. 41 gr. sömu laga þar sem birgjar geta skráð sig inn hvenær sem er á samningstíma svo fremi þeir uppfylla kröfur um hæfi.

Áskorun

Auka þarf samráð við framleiðendur og birgja, stóra sem smáa, og auka samstarf ríkisaðila á þessu sviði. Á vinnustofunni og í viðtölum kom fram að auka þyrfti fræðslu um rammamarkmiðna og útboð. Enn fremur þyrfti að skoða hvort breytt fyrirkomulag gæti verið til bóta sér í lagi hvað varðar ferskvörur.



AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

3.1.A

SETJA Á FÓT SAMRÁÐSHÓP UM ENDURSKOÐUN INNKAUPAFERLA SEM TAKI MIÐ AF HAGRÆÐI OG HVÖTUM ÚT FRÁ VISTVÆNUM SKILYRÐUM, LÝÐHEILSU, HÆFISKRÖFUM OG ÞJÓNUSTUNÁND.

Endurskoða fyrirkomulag innkaupa í samráði við framleiðendur og kaupendur. Setja upp í samráði við hagaðila stefnumiðað árangursmat sem þjónar hlutverki verkfærakistu og vísar til forgangsmála og áherslna. Sjá viðauka C. Setja upp árstíðardagatal ferskværa.

- ✓ Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Framkvæmdaaðilar: Ríkiskaup.
- ✓ Samstarfsaðilar: Innkaupastjórar/matreiðslumeistarar, birgjar, frumframleiðendur, sveitarfélög, forstöðumenn ríkisstofnana, Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins.
- ✓ Tímabil: 2019-2021.

MÆLIKVARÐAR:

Ríkiskaup komi á breyttu eða bættu skipulagi innkaupa í samráði við hagaðila fyrir lok árs 2021.

Aðgengileg rafræn verkfærakista sé unnin samhliða breyttu skipulagi innkaupa og í samráði við hagaðila.

UNDIRMARKMIÐ 3.2

AÐ GÓÐIR STARFSHÆTTIR SÉU VIÐURKENNDIR OG VERÐLAUNAÐIR

Þörf er á eftirfylgni til að fylgjast með breytingum. Þannig er lagt mat á frammistöðu og eðlilegt að viðurkenna góð störf sem ýta undir frekari framþróun. Ríkiskaup gætu skapað hvata fyrir kaupendur sem fælist í viðurkenningarkerfi fyrir innkaupastjóra sem legðu áherslu á vistvæn skilyrði, hollustu og gæðakröfur í innkaupum. Viðurkenningin gæti verið í formi myndmerkis í þremur þrepum, gull, silfur og brons, sem væri þá til marks um hlutfall matvæla sem uppfylltu skilyrði og kröfur. Myndmerkið mætti setja á vefsíðu viðkomandi stofnunar og matseðil.

AÐGERÐIR OG MÆLIKVARÐAR

3.2.A

EFLA EFTIRFYLGNI GÓÐRA STARFSHÁTTA SVO AÐ ÞEIR VERÐI ÁVALLT VIÐHAFÐIR Í VIÐSKIPTUM VIÐ RÍKISAÐILA

Lagt er til að framkvæma árlega könnun meðal innkaupastjóra sem tryggir eftirfylgni aðgerða og vísað er til í aðgerðum undir meginmarkmiðum 1 og 2. Könnun getur tekið á þeim þáttum sem ekki er unnt að fylgjast með í rafrænu innkaupa- og beiðnakerfi ríkisins eins og t.d. vistvæn skilyrði, hlutfalli innlendrar og innfluttrar matvöru á boðstólum mötuneyta, plasti og umbúðanotkun, matarsóun, framreiddum máltíðum samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis, kolefnissporsmerkingum matvæla og öðrum viðmiðum sem taka mið af þróun hvers tíma.

✓ Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

✓ Framkvæmdaaðilar: Ríkiskaup og Umhverfisstofnun.

✓ Samstarfsaðilar: Innkaupastjórar, birgjar/bjóðendur, Hönnunarmiðstöð Íslands.

✓ Tímabil: 2020.

MÆLIKVARÐAR:

Byrjað að safna upplýsingum úr árlegri spurningakönnun frá og með árinu 2020.
Að hlutfall mötuneyta sem hafa öðlast "gullmerki" verði 50% árið 2030.





Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið